

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 22. mars 2025 klukkan 10:18

Titill

Jón Ormur Halldórsson. Átakasvæði í heiminum.

Höfundur

Guðni Th. Jóhannesson (1968)

Tímarit

Saga
33. árgangur 1995
1. tölublað
Bls. 263-269

Vefslóð

<https://timarit.is/gegnir/991004450359706886>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.

Jón Ormur Halldórsson: ÁTAKASVÆÐI Í HEIMINUM.
Mál og menning. Reykjavík 1994. 272 bls.

Í inngangi bókarinnar segist Jón Ormur Halldórsson ætla að bæta úr því að fólki finnst erfitt „að átta sig á ástæðum stríðsátaka þó að framvindu þeirra kunnir að vera gerð einhver skil í fréttum.“ (7) Jón Ormur veit mikið um efnið, skrifar yfirleitt skýrt og greinilega og ég fæ ekki séð að hann fari nokkurs staðar rangt með staðreyndir. Um hitt má deila hvort hann leggi rétt mat á hvað valdi átökum í heiminum. Sjálfur segir hann efni bókarinnar

eins pólitískt og verða má. Mat höfundar á einstökum atriðum mun því orka tvímælis fyrir marga lesendur. Slíkt er sjálfsagt og eðlilegt þegar um er að ræða flókin og pólitísk mál. (8)

Jón Ormur segir að gömul vandamál frá nýlenduskeiði Evrópuþjóða, hagsmunagæsla Vesturvelda og pólitísk þjóðernishygga valdi einkum átökum í heiminum. Þetta kemur helst fram í kaflanum um átök í samtímanum. Í formálanum þar á undan segir hann: „Til skamms tíma tóku menn hér á landi afstöðu með einu stórveldi um leið og þeir tóku afstöðu á móti öðru. Sá tími er vonandi liðinn hjá flestum en hann er það ekki hjá öllum.“ (8)

Mér finnst ég ekki taka afstöðu með einum frekar en öðrum þótt ég segi að Jón Ormur fjalli of lítið um þátt Sovétríkjanna fyrrverandi í átökum í heiminum. Vissulega getur hann þeirra, sérstaklega þegar hann ræðir um Afganistan, og hann minnst á að arabar börðust við Ísraela með sovískum vopnum og sandínistar í Níkaragúa nutu stuðnings frá Sovétríkjunum (10, 242). En miðað við rúmið, sem utanríkisstefna Bandaríkjanna fær, hefði átt að fjalla betur um stefnu Sovétríkjanna. Í bók sinni, *Perestrojku*, sem var gefin út árið 1987, sagði *Mikhail Gorbatsjov*, þá aðalritari sovíska kommúnistaflokksins: „Tími er til kominn að kasta fyrir róða þeirri utanríkisstefnu sem byggir á heimsvaldastefnu. Hvorki Sovétríkin né Bandaríkin megna að þröngva eigin viðhorfum upp á aðra.“¹ Lengra gekk hann ekki í að viðurkenna íhlotun Sovétmanna í útlöndum en á valdaskeiði hans gagnrýndu margir sovískir stjórn mála- og fræðimenn stefnu Sovétríkjanna í þriðja heiminum. Sem dæmi má taka blaðagrein eftir sovískan sagnfræðiþrófessor sem birtist í maí 1988:

Við mátum ástand heimsmála og valdahlutföll í heiminum ekki rétt og við reyndum ekki af neinni alvöru að leysa pólitískan grund-

1 *Mikhail Gorbatsjov: Perestrojka. Ný hugsun. Ný von.* (Tíu þýðendur, undir ritstjórn Heimis Pálssonar). Reykjavík 1987, 111.

vallarágreining við Vesturlönd. Þrátt fyrir pólitíska, hernaðarlega (með því að útvega vopn og ráðgjafa) og diplómatiska íhlutun í svæðisbundnum átökum horfðum við framhjá þeim áhrifum sem hún hafði á ... spennu milli Sovétríkjanna og Vesturlanda og á allt samband þeirra.²

Jón Ormur horfir líka framhjá þessum áhrifum; að minnsta kosti gerir hann þeim ekki næg skil.

Bók á borð við þessa á að nýttast þeim sem vilja lesa meira um eitthvert tiltekið efni, kannski eftir að hafa séð greinar í dagblöðum eða heyrt fréttir í útvarpi og sjónvarpi. Og hún á því auðvitað líka að nýttast þeim sem semja greinarnar og fréttirnar. Það væri hiklaust miklu þægilegra fyrir alla að nota bókina ef nafnaskrá væri í henni og helst líka skrá yfir merk ártöl í sögu þeirra ríkja og þjóða sem fjallað er um.

Jóni Ormi var vandi á höndum að velja átök til að fjalla um því víða var barist. Eftir yfirlitið um ástæður átaka í samtímanum koma kaflar um Júgóslavíu, Norður-Írland, Afganistan, Kúrda, Líbanon og Palestínu, einn kafla um Persaflóa, Sádi-Arabíu, Kúveit, Íran og Írak, annar um Mið-Am-eríku og loks þrír stuttir kaflar um Kýpur, Sri Lanka og Austur-Tímor.

Við þetta er í raun ekkert að athuga. Þó hefði kafla um Kákasus líka átt að vera þarna. Jón Ormur lauk við bókina í ágúst 1993 en nokkrum árum áður höfðu blóðug átök blossað upp þar sem ekki sá fyrir endann á. „Líbanon er hér,” sagði *Zviad Gamsakúrdía*, fyrrverandi forseti Georgíu, snemma árs 1991.³ Átök milli Armena og Asera voru hins vegar hörðust, hundruð þúsunda Armena hróktust frá Aserbaídsjan og mikið var barist í héraðinu Nagornó-Karabak sem þjóðirnar deildu um. Loks má minnst á Tsétséníju sérstaklega í ljósi stríðsins sem þar hefur geisad frá því í desember í fyrra. Eftir að Tsétsénar lýstu yfir sjálfstæði í nóvember 1991 stappaði oft nærri átökum milli þeirra og Rússa og endaði það með því að stríð braust út í desember í fyrra. Það hefði því verið sjálfsagt að gera atburðarásinni þar og annars staðar í Kákasus góð skil og fjalla um rætur átakanna.

Víkur þá sögunni til Balkanskaga. Jón Ormur gerir ágætlega grein fyrir því hvers vegna stríð varð í fyrrverandi lýðveldum Júgóslavíu, rekur sögu þjóðanna þar og nánasta aðdraganda átakanna. Þó er bagalegt að hann fjallar lítið sem ekkert um hvort eða hvaða máli trúarbrögð skipti í þeim. Ég held að fólk spyrji sig oft að þessu og bók sem þessi ætti að veita svör eða benda á hvað þeir, sem gerst þekkja, halda. *Misha Glenny*, virtur sérfræðingur í sögu og samtíð Austur-Evrópu, hefur sagst hafa áhyggjur af því

2 Vjatseslav Dashítsjev: „The Search for New East-West Relations.” *Literatúrna-ja gazéta*, 18. maí 1988, í *The Current Digest of the Soviet Press*, 40. árg. 24. tbl. 13. júlí 1988, 4.

3 *The Wall Street Journal* (Evrópuútgáfa), 21. feb. 1991.

hvað trúarbrögð væru farin að dragast inn í deilurnar.⁴ Í fyrirlestri við Háskóla Íslands í október var sagði *Mihajlo Mihajlov*, rússneskur Júgóslavíu-sérfræðingur, hins vegar „fáránlegt“ að þau skiptu máli í átökunum.

Gott er að Jón Ormur lætur tilfinningar ekki ráða ferðinni of mikið í umfjöllun sinni en stundum finnst manni það brenna við, sérstaklega þegar fólk krefst þess að ríki á Vesturlöndum „geri eitthvað“ til að stöðva átökin. Ekki er nóg að stöðva þau, heldur verður líka að tryggja varanlega sátt á svæðinu. Það er hægara sagt en gert þegar leiðtogar Serba og Króata, stærstu þjóðanna, eru jafn herskáir og raun ber vitni en Jón Ormur leggur réttléga nokkra áherslu á það (46-49). Þeir hafa jafnvel komið þeim á óvart sem ættu þó að þekkja þá vel, til dæmis *Alija Isetbegovic* Bosníuforseta. Í mars 1992, þegar hörðustu átökunum hafði linn í Króatíu, sagði hann: „Ég held að hættan á borgarastyrjöld sé liðin. ... Eftir reynsluna í Króatíu vogar enginn sér að hefja slík átök að nýju.“⁵

Auðvitað skiptir afstaða Vesturvelda líka máli. Jón Ormur vitnar í þau orð fréttaskýrenda og fræðimanna að Þjóðverjar hafi örugglega verið of fljótir að viðurkenna sjálfstæði Króatíu og Slóveníu árið 1991 (25, 28, 47) og Bretar hafi komið í veg fyrir öflugri hernaðaraðgerðir gegn Serbum, eins og Bandaríkjamenn vildu, vegna þess að þeir óttuðust að það bitnaði á gæslu-liði og starfsmönnum hjálparstofnana (53).

Um stríðið í Bosníu segir Jón Ormur að Vesturveldin hafi litla sem enga viðskiptahagsmuni þar og af þeim sökum hafi aldrei komið til greina að þau sendu hálfa milljón hermanna þangað eins og þau sendu til Kúveits (53). Svona einfaldur samanburður stenst þó ekki. Þessi hálfa milljón gerði í raun lítið í Kúveit en aðstæður eru allt öðruvísi í Bosníu og nágrenni, auðséð að miklu fleiri myndu falla og miklu minni líkur á sigri (væntanlega yfir Serbum) eftir stutt átök, eins og hernaðarsérfræðingar reiknuðu með að myndi gerast við Persaflóa.

Eftir stutt yfirlit um átök á Norður-Írlandi, ágætt að öðru leyti en því að í textanum er aragrúi talna sem ætti betur heima í töflum og súluritum, byrjar Jón Ormur svo að fjalla um átök utan Evrópu. Í kaflanum um Afganistan segir hann að vinstrimenn í landinu hafi skipst í nokkra arma, einkum Khalq-flokksbrot lenínista og Parcham en þar væru „hægfara umbótasinnaðir marxistar“ og ráðamenn í Sovétríkjunum hefðu viljað styðja þá og aðrar „hægfara hreyfingar vinstrimanna frekar en lenínista.“ (80). Ef marka má bók, sem *Rosanne Klass* ritstýrði og Jón Ormur bendir á sem gott lesefni um Afganistan, deildu þessar fylkingar í raun ekki um hugmynda-

⁴ Misha Glenny: *The Fall of Yugoslavia*. (Ný útgáfa). London 1992, 212.

⁵ *The Guardian*, 6. mars 1992.

fræði en ættflokkar og stéttaskipting réðu því helst í hvora fylkinguna afganskir kommúnistar fóru.⁶

Kúrdar eru þjóð án ríkis og oftast nær án athygli. Jón Ormur hefur samúð með Kúrdum og sést það í kaflanum um þá. Hann sleppir þó ekki að nefna að innan raða þeirra er hart deilt um leiðir í sjálfstæðisbaráttunni (95). Í kaflanum um Líbanon sýnir Jón Ormur glöggt hversu flókin vígstaðan var og er þar. Hann gerir vel að skýra frá margþættu efni í svo stuttu máli. Öllu meira rými fær Palestína. Jón Ormur rekur sögu landsins, einkum frá því á síðustu öld þegar fjöldi gyðinga fór að flytja þangað. Hann segir síðan frá stofnun Ísraelsríkis, innrásum araba í það og friðarviðræðum síðustu ára. Þetta er greinargott yfirlit en örugglega finnst einhverjum hann draga taum araba. Afstaða fólks í þessu máli hefur þó verið að breytast á undanförunum árum vegna uppreisnar Palestínuaraba á hernumdu svæðunum, harkalegra viðbragða Ísraelsstjórnar og endaloka kalda stríðsins.

Þá er röðin komin að ríkjunum við Persaflóa. Jón Ormur sýnir hvernig Frakkar og aðallega Bretar bjuggu til ríki fyrr á öldinni, drógu landamæri og settu menn á valdastóla til þess að vernda hagsmuni sína við flóann. Olía skiptir öllu máli í sögu svæðisins á þessari öld. Hún réð því að blásið var til stríðs gegn Írökum, eins og Jón Ormur bendir á (155):

Viðbrögð Vesturlanda við innrás Íraka í Kuwait [svo] snerust ekki ... í reynd um Kuwait, heldur gáfu Bandaríkin og önnur stórveldi Vesturlanda með þessu einfalda yfirlýsingu sem enginn gat misskilið. Hún er sú að Vesturlönd munu verja olíuhagsmuni sína við Persaflóa og beita til þess öllu því afli sem til þarf og fórna til þess blóði eigin þegna ef því er að skipta.

Jón Ormur segir að tvískinnungur Bandaríkjanna og margra annarra ríkja á Vesturlöndum hafi komið í ljós í Persaflóastríðinu því þau hefðu ekki verið að verja lýðræði og sjálfsákvörðunarrétt smáþjóða þótt þau héldu því fram í fjölmíðlum. Þarna hefði Jón Ormur þurft að vitna í heimildir eða birta dæmi. Hélt einhver því í raun fram að Vesturveldin væru að berjast fyrir „lýðræðisstjórnina“ í Kúveit eða Sádi-Arabíu? Hins vegar var oft talað um að *Saddam Hussein* væri ógnun við lýðræðið í heiminum og er það ekki satt? Það er hins vegar rétt hjá Jóni Ormi að Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra gerðust sekir um tvískinnung í átökunum sjálfum. Þegar Írakar gáfust upp fyrir ofureflinu sagði *Bush* Bandaríkjaforseti: „Þetta er mikill dagur í sögu Bandaríkjanna og það veit guð að við höfum losað okk-

6 Anthony Arnold og Rosanne Klass: „Afghanistan's Communist Party: The Fragmented PDPA.“ Rosanne Klass (ritstjóri): *Afghanistan. The Great Game Revisited*. London 1987, 141.

ur við minninguna um Víetnam í eitt skipti fyrir öll.⁷ Kúrdar höfðu verið hvattir til að rísa upp gegn stjórnvöldum í Bagdad en fengu svo litla aðstoð frá Vesturlöndum þegar stríðinu var lokið. Bush var gagnrýndur fyrir þetta og svaraði þá að „Bandaríkin [ætluðu] ekki að beita hervaldi til að hlutast til um innanríkismál Íraks og eiga á hættu að lenda í ógöngum eins og í Víetnam.“⁸ Orðið hræsni kemur helst í hugann.

Hitt er álitamál hversu glögg á að sýna það í bók á borð við þessa að manni sé heitt í hamsi. Í Persaflóakaflanum er Jóni Ormi stundum fullmikið niðri fyrir. Hann gagnrýnir fréttaflutning af Persaflóastríðinu og minnst á sjónvarpsmyndir af „herbílum á flóttu sem skotnir eru í tætlur af bandarískum skriðdrekkum“ um leið og fagnaðaróp ungra hermanna glymji: „Sú hugsun að bílarnir hafi verið fullir af feðrum ungra barna í Írak og fullir af sonum venjulegs fólks kviknar síður hjá flestum sem á þetta horfa.“ (198) *C'est la guerre*, myndi einhver segja og vísa ásökunum um hræsni á bug með svipuðum hætti.

Það er til dæmis athyglisvert að skoða svör tveggja frammámanna í Eystrasaltsríkjunum við því hvort orðstír Bandaríkjanna hefði beðið hnekki þegar ekki var stutt við bakið á Kúrdum og sjíta-múslimum í Írak eftir uppgjöf valdhafa í Bagdad. *Vytautas Landsbergis*, þingforseti og þjóðarleiðtogi í Litháen, gagnrýndi Bandaríkin og benti á svipaðar áeggjanir til litháískra skæruliða eftir seinni heimsstyrjöld án þess að þeim bærisk raunhæf aðstoð. Utanríkisráðherra Eista, *Lennart Meri*, lofaði Bandaríkin á hinn bóginn og sagði: „Utanríkisstefna hvers ríkis byggist á því að verja og víkka eigin þjóðarhagsmuni þess.“⁹

Kannski er *realpolitikk* því réttara orð en hræsni yfir stefnu Vesturveldanna við Persaflóa. Þetta er að minnsta kosti ágætis dæmi um pólitísk álitamál í bókinni sem Jón Ormur talar um í inngangi hennar.

Í kaflanum um Mið-Ameríku er Jón Ormur hvassyrstur enda auðvelt að finna dæmi um yfiringang Bandaríkjanna þar. En þótt svo sé, er of einfalt að segja að vinstriinnviðir andstæðingar þeirra og spilltra stjórnvalda á þessum slóðum, sandínistar í Níkaragúa, Farabundo Martí skæruliðar í El Salvador og fleiri, hafi barist fyrir „lýðræði og mannréttindum,“ eins og Jón Ormur segir í kaflanum um átök í samtímanum (12). Uppreisnarmenn á Kúbu börðust líka fyrir þessum hugsjónum en sviku svo málstaðinn. Hér má því vitna í orð sem maður nokkur lét falla árið 1983: „Ég get stutt marxisma svo lengi sem hann snýst um að steypa herforingjastjórn en ég vil alls ekki lifa við hann.“¹⁰

7 *International Herald Tribune*, 2.-3. mars 1991.

8 *Sama*, 20.-21. apríl 1991.

9 *The Wall Street Journal* (Evrópuútgáfa), 10. apríl 1991.

10 Roy Blount, Jr, í „Playboy“ 1983. Fred Metcalf: *The Penguin Dictionary of Modern Humorous Quotations*. London 1986, 159.

Ég er viss um að margir lesendur staldra við þá staðreynd að nær engin innanlandsátök hafa verið í Costa Rica og almenningur hefur verið skást settur þar. Jón Ormur hefði mátt fjalla betur um hvernig standi á því en hann segir eina skýringu þá að landið hafi ekki her (211-12). Það svar þýðir þó að maður spyr strax á móti hvernig á því standi.

Jón Ormur byrjaði yfirreið sína um átakasvæði í heiminum í Evrópu og snýr þangað aftur þegar hann fjallar um skiptingu Kýpur í stuttu máli. Er það greinargott yfirlit og sama má segja um kaflana um Sri Lanka og Austur-Tímor. Ég viðurkenni að mig skortir þekkingu til að gagnrýna þau skrif af einhverju viti.

Í ritfregnum um bók Jóns Orms, *Löndin í suðri*, sagði Sigurður Hjartarson: „Allmargar óþægilegar endurtekningar eru í bókinni sem bera vott um nokkra hraðsuðu og skort á vandvirgni.“¹¹ Sama gildir um þessa bók, einkum í Persaflóa- og Palestínuköflunum og líka sums staðar annars staðar. Þannig byrjar Jón Ormur kaflann um Líbanon á því að segja að borgarastríð hafi blossað upp árið 1975: „Síðan hafa allt að tvö hundruð þúsund menn verið drepnir í landinu...“ Nokkrum setningum síðar segir um átökin: „Allt að tvö hundruð þúsund manna biðu bana, enn fleiri bera sár og hundruð þúsunda flúðu land.“ (102) Í Persaflóakaflanum er tvisvar greint frá erlendum fjárfestingum Kúveits undir stjórn skrifstofu í London, fyrst á blaðsíðu 177 og aftur fjórum síðum aftar. Þetta eru óþarfa endurtekningar og fleiri mætti tína til.

Nokkrar stafsetningarvillur eru í bókinni, sú versta á blaðsíðu 82 þar sem *Babrak Karmal*, „hinn nýji [svo] forseti“ Afganistans, er kynntur til sögunnar. Ekki ætla ég að fullyrða hvernig eigi að skrifa nöfn ýmissa erlendra ríkja á íslensku og hef reyndar sjálfur minnst á Kúvæt í texta.¹² Ég held þó að það fari betur að tala um Kúveit en ekki Kuwait, Tæland frekar en Thailand og Jemen en ekki Yemen, eins og Jón Ormur gerir. Hann hefði átt að samræma hvernig nöfn ríkja eru stafsett; sum íslenskar hann en önnur ekki. Þá er þess að geta að Króatar nota bókstafinn ð eins og Íslendingar og forseti þeirra heitir *Franjo Tuđman* á þeirra tungumáli en í ensku og öðrum málum, sem nota latneska stafrófið, er hann einnatt kallaður *Tudjman*. Jón Ormur breytir nafni hans einnig svona þótt það sé í raun óþarfi í íslensku. Þetta er auðvitað aukaatriði.

Stundum notar Jón Ormur nafnorð of mikið og gætir þar væntanlega áhrifa úr ensku. Til dæmis tel ég betra að segja að fjölmiðlar fjalli um gagnrýni en að „gagnrýni ... [sé] umfjöllunarefni heimsblaða og fjölmiðla víða

11 Sigurður Hjartarson: „Jón Ormur Halldórsson: Löndin í suðri. ...“ *Saga*, 31. árg. 1993, 267.

12 Guðni Thorlacius Jóhannesson: „Ég held að engin lausn sé til.“ *Þjóðlíf*, 2. tbl. 7. árg. 1991, 22-23.

um heim." (23) „Framfylgd á loftferðabanni..." er frekar óþjált (53). Þá fer betur að segja að sigurvegarar búi til nýtt ríki frekar en að „[n]ýtt ríki ... [sé] búið til af sigurvegurum stríðsins." (36) Jón Ormur hefði átt að liggja betur yfir handritinu og bæta það hér og þar.

Niðurstaðan er engu að síður sú að þetta er þörf bóka. Það má deila um ýmsar túlkningar Jóns Orms, eins og hann bendir sjálfur á. Hann ætlaði að gera fólki auðveldara að átta sig á ástæðum stríðsátaka. Bókin eykur vonandi áhuga á efninu og fær fólk til þess að lesa meira um það.

Guðni Th. Jóhannesson

Birgir Sigurðsson: KÖRPUÍFSSTAÐIR. SAGA GLÆSI-
LEGASTA STÓRBÝLIS Á ÍSLANDI. Forlagið og Reykja-
víkurborg. Reykjavík 1994. 168 bls. Myndir.

Í *Brekkukotsannál* segir Halldór Laxness meðal annars frá Runólfi Jónssyni, einum af fastagestum á miðloftinu í Brekkukoti. Hann fékkst einkum við að tæma „hlan-forir“ á býlunum í Reykjavík og nágrenni. Runólfur átti vart orð til að lýsa addáun sinni á þessari nýjung. Við konuna úr Landbrotinu sem fékk inni í Brekkukoti meðan hún var að deyja sagði hann: „... úr því þú ert farin að bregða undir þig betri fætinum kona góð, þá ættirðu að fá þér lystitúr fram á Nes að skoða fróðárundrin oddvítans; ekki skaltu heldur forsmá kraftaverkin í Gróttu, ja þvílíkar hlan-forir maður guðs og lifandi.“ Runólfur Jónsson var ekki einn um að dáast að dugnaði bænda við uppbyggingu jarða sinna. Í bréfi til Thors Jensens frá árinu 1926 segir Guðmundur Björnson landlæknir meðal annars. „Ég þakka þér kærlega fyrir förina að Korpúlfsstöðum, en það getur verið að þú vitir ekki hvers vegna ég var að tala svo margt í Morgunblaðið um Ísafjörð og taugaveiki og hvers vegna ég var svo áfjádur að sjá þín kraftaverk á Korpúlfsstöðum.“ (*Korpúlfsstaðir*, bls. 48).

Birgir Sigurðsson hefur nú tekið sig til og gert „kraftaverkum“ Thors Jensens á Korpúlfsstöðum rækileg skil á prenti en fyrir nokkrum árum gerði hann fróðlegan sjónvarpsþátt um sama efni. Bók Birgis um Korpúlfsstaði skiptist í átta kafla auk eftirmála, heimildaskrár og tilvísana. Hver kaflur um sig skiptist síðan í tvo til þrjú undirkafla. Í fyrsta kaflanum er stutt æviágrip Thors Jensens, að mestu eftir ævisögu hans sem Valtýr Stefánsson skræði. Annar kaflinn, sem heitir „Að gera stórbýli úr hverju koti“,